

- 91** Að því er snertir fyrir spurninguna, sjest hvorki af brjefi yðar nje af brjefi 1. sept. sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, hve stórar síldartunnur og máltunnur þær eru, sem venjulega eru hafðar í þeim hjeruðum, er síldarveiði tíðkast í, en tunnumál eru, eins og sjest meðal annars af riti Bauers um «Maal, Vægt, Mönt», bls. 240—241; fleiri en eitt, og er þar talin máltunna fyrir síld 112 pottar.

Jeg er yður samdóma um, að spítalagjaldið rjettilega eigi að greiðast eptir tölu máltunna, og ekki eptir tölu þeirra tunna, sem síld í þann og þann svipinn kann að vera söltuð niður í, og sem stundum geta verið stærri, stundum minni, en hin almenna 112 potta síldartunna, en að öðru leyti verð jeg að skírskota til brjefs míns frá 13. desember f. á. (stjórnartíð. B. 184), þar sem tekið er fram, að spítalagjaldið eigi að greiðast af hverri síldartunnu, eins og hún er útflutt.

Að því er snertir síðari spurninguna, takið þjer fram, að eigendur eða formenn þeirra báta eða skipa, sem veiða síldina, eigi að greiða spítalagjaldið af öllum afla sínum og því einnig af þeim parti af aflanum, er þeir láta í landhlut og er jeg yður alveg samdóma um það.

- 92** — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 1. sept. landskuld af Þjóðjörð. — Í brjefi frá 12. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, óskað úrskurðar míns um það, hvert 60 álnir í sokkum, sem áskildar eru í landskuld af Þjóðjörð í Húnavatnssýslu, megi greiðast eptir því, sem sokkaverðið hefir verið í þessari sýslu að meðaltali um 5 næstliðin ár, en á ári því, sem nú stendur yfir, sje ekkert sokkaverð tiltekið í verðlagsskránni fyrir tjeða sýslu.

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg sjái ekkert því til fyrirstöðu, að áminnst gjald verði greitt á þann hátt, sem þjer hafið stungið upp á.

- 93** — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 3. sept. gjöld til almenningsparfa af brennisteinsnámum í Þingeyjarsýslu. — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 20. júlí þ. á. ritað mjer á þessa leið:

«Í þóknanlegu brjefi frá 27. maí þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, lagt það til, að ráðgjafinn gerði nauðsynlega ráðstöfun til þess, að leiguliðar brennisteinsnámanna í Þingeyjarsýslu gegni skuldbindingu þeirri, sem að yðar ætlun hvílir á þeim til, samkvæmt 4. grein leigusamningsins að greiða af höndum skatta þá og skyldur, sem heimilaðar eru eptir hinum almennu landslögum og tilskipunum, einkum gjald til búnaðarskóla samkvæmt tilskipun 12. febrúar 1872, og hafið þjer getið þess, að gjöld þau, er hvíla á afnotum brennisteinsnámanna hafi ekki orðið innheimt á Íslandi, þar sem leiguliðunum hafi aldrei verið afhentar námurnar.

Fyrir því læt jeg ekki dragast þjónustusamlega að tjá yður, að það er hvort-tveggja, að það getur verið vafasamt, hvort greiða eigi skatt af tjeðum brennisteinsnámum, eins og jarðeign væri, því þær verða ekki notaðar til ábúðar, heldur gefa að eins af sjer brennistein, og hefði varla átt að meta þær til jarðadýrleika, enda eiga hjer ekki heima ástæður þær, sem komu því til leiðar, að lögskipuð voru gjöld þau til eflingar búnaði, er getur um í tilskipun 12. febr. 1872. En hvað sem því nú líður, þykir ráðgjafanum mjög hæpið, hvort leiguliðarnir verði álitnir notendur námanna, fyr en